



Landbúnaðarháskóli Íslands

Ársskýrsla 2014



Efnisyfirlit

Ávarp rektors.....	2
Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands.....	4
Auðlindadeild.....	5
Umhverfisdeild.....	6
Starfs- og endurmenntunardeild.....	7
Landgræðsluskóli Háskóla sameinuðu þjóðanna.....	9
Kennslusvið.....	10
Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2014.....	11
Rannsóknasvið.....	14
Rekstrar- og þjónustusvið.....	18
Fjármál.....	19
Útgáfa.....	20
Ritaskrá starfsmanna.....	21
Starfsmenn.....	24
Brautskráning frá Landbúnaðarháskóla Íslands 6. júní 2014.....	26

Ávarp rektors

Þegar horft er um öxl að loknu tíunda starfsári Landbúnaðarháskóla Íslands sést að á þessum liða áratug hefur margt hefur breyst, og framfarir orðið á ýmsum sviðum, bæði hvað varðar starfsemi og umgjörð skólans. Námsframboð hefur aukist og gæði þess verið staðfest af Gæðaráði háskóla. Þá hefur mikil endurnýjun átt sér stað og viðhald batnað á húsakosti stofnunarinnar. Hlutverk skólans er ætíð jafn brýnt en jafnframt breytilegt með breyttum áherslu í nýtingu auðlinda á landi og breytilegu ástandi lands og umhverfis.

Árið 2014 var ár breytinga í starfi Landbúnaðarháskólans Íslands. Í árslok 2013 hafði Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra lagt fram hugmyndir sínar um sameiningu LbhÍ og HÍ. Snemma árs 2014 varð ljóst að mikil andstaða var fram komin í samfélaginu varðandi hugmyndir um sameiningu LbhÍ og HÍ og menntamálaráðherra ákvað þá að falla frá sameiningu skólanna að svo stöddu. Í kjölfarið var rektor LbhÍ gert að útbúa nýja fjárhagsáætlun sem tryggði að skólinn héldist innan fjárheimilda fyrir árið 2014. Greindar voru í framhaldinu leiðir til að draga saman í rekstri skólans. Meðal aðgerða niðurlagningar og breytingar starfa og niðurlagning útseldrar efnagreiningarþjónustu skólans. Einnig var hlutastöðugildi við Votlendissetur lagt niður og Orkusetri skólans lokað. Allt voru þetta mjög sársaukafullar aðgerðir og erfiðar.

Í frumvarpi til fjárlaga sem kynnt var um haustið kom fram hagræðingarkrafa á framlag menntamálaráðuneytisins upp á 7,8 m.kr og hagræðingarkrafa á framlag Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins varð óvænt 18 m.kr auk endurgreiðslu skuldar við ríkissjóð yrði væntanlega (formlega óstaðfest) um 35 m.kr. Samanlagt gerði þetta rúmlega 60 m.kr. niðurskurðarkröfu.

Frá áramótum 2014-2015 fækkaði starfsmönnum um 17 á rúmu ári þ.e. frá 1. desember 2013 vegna niðurlagningar starfa eða uppsagna starfsmanna. Með fjárlögum í lok árs bötunðu horfur fyrir 2015 verulega. Í fyrstu umferð fjárlaga stefndi í að niðurskurður til skólans yrði alls um 33 milljónir króna. Í fjárlögum varð hins vegar hækkun á framlagi menntamálaráðuneytis um 17,3 milljónir auk tímabundins framlags frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti upp á 55 milljónir, þar sem jafnframt er kveðið á um endurskoðun samnings. Raunhækkun á fjárlögum 2015 urðu því alls um 39,5 milljónir króna. Sé ekki tekið tillit til tímabundna framlagsins var raunlækkun til skólans um 15 milljónir króna.

Yfirstjórn skólans fundaði í aprílbyrjun með þingmönnum Suðurlands og Norveðsturkjördæmis sem og allsherjar- og menntamálanefnd til að gera grein fyrir alvarleika fjárhagsstöðu skólans. Þá rituðu margir starfsmenn undir grein í Morgunblaðinu þann 10. apríl undir fyrirsögninni “Hugsum stórt- sækjum fram” þar sem skorað var á rektora HÍ, LbhÍ og menntamálaráðherra að taka upp þráðinn að nýju með sameiningu skólanna. Rektor háskóla Íslands kom einnig í heimsókn til skólans í aprílmánuði og greindi frá jákvæðri afstöðu sinni og síns skóla til sameiningarmála.

Nýtt háskólaráð tók til starfa í marsmánuði. Á fundi háskólaráðs 8. júlí greindi Ágúst Sigurðsson rektor frá því að hann myndi ekki sækjast eftir endurráðningu í starf rektors fyrir nýtt skipunartímabil, en yfirstandandi skipunartímabili hans lauk 31. sama mánaðar. Þá ákvað ráðið að leggja til við ráðherra að Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor yrði settur í embættið til 31. desember, sem gekk eftir. Lagði ráðið einnig til að haustmánuðir yrðu nýttir til að undirbúa og ganga frá ráðningu nýs rektors sem myndi hefja störf um áramótin 2014/15.

Stóran hluta árs 2014 var unnið að fyrstu gætaúttekt stofnunarinnar á faglegum einingum (subject review) þar sem teknar voru fyrir raunvísindatengdar námsbrautir skólans, þ.e. búvísindi, hestafræði, náttúru- og umhverfisfræði, skóg- og landgræðslufræði. Skýrslunni var skilað inn í október mánuði. Árið á undan hafði skólinn fengið niðurstöður úr stofnanamati sínu og fengið traust (confidence) bæði á prófgráðum sínum sem og stoðþjónustu og námsreynslu nemenda.

Sameiginlegir fundur háskóladeilda skólans fóru fram 31. október og 14. nóvember hugsaðir til að draga saman efnivið í komandi stefnumörkun fyrir nýjan rektor. Rétt í kjölfarið kallaði Mennta- menningar- málaráðuneytið eftir í SVÓT greiningu háskóla vegna stefnumörkunarvinnu ráðuneytisins fyrir háskólakerfið í heild þar sem afrakstur fundanna nýttist vel til að útbúa innlegg Landbúnaðarháskólans.

Árið var óvenju gjöfult í útskrift doktora frá skólanum. Theodór Kristjánsson varði sína doktorsritgerð í maí og Þorvaldur Kristjánsson í nóvember. Auk þess útskrifaðist einn doktor sameiginlega með Háskóla Íslands, Pavla Dagsson Waldhauserová.

Landbúnaðarsafn Íslands var flutt yfir í Halldórsfjós á vormánuðum og opnað formlega á nýjum stað þann 2. október. Góður fjárstuðningur frá forsætisráðuneytinu gerði uppsetningu nýrrar sýningar og flutning milli húsa mögulegan. Á árinu fékk safnið viðurkenningu safnaráðs og hefur þar með öðlast stöðu opinbers safns á Íslandi sem er mikill áfangasigur í sögu safnsins.

Skólinn er aðili að fjölbreyttum samskiptum og samstarfssamningum. Í janúar var undirritað samkomulag um samstarf Háskólans á Bifröst og LbhÍ um stuðning við matvælaekstrarnám við fyrrnefnda skólann, en Bifröst vantar viðurkenningu á nauðsynlegu fræðasviði til að taka slíkt nám algerlega upp á egin spýtur. Tæplega 40 mkr. kornræktarsamningur við Framleiðnisjóð til 5 ára var undirritaður í sama mánuði. Í febrúarmánuði var einnig gerður samstarfssamningur skólans við Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins svo aðeins nokkur dæmi séu nefnd.

Starfsliði skólans færi ég bestu þakkir fyrir vel unnin störf og nemendum ánægjuleg samskipti.

Björn Þorsteinsson, rektor LbhÍ

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskólans til 1. ágúst 2014

Björn Þorsteinsson, rektor Landbúnaðarháskólans frá 1. ágúst 2014

Bjarni Stefánsson

Guðni Þorvaldsson

Helena Guttormsdóttir

Hilmar Bragi Janusson

Sigríður Hallgrímsdóttir

Auðlindadeild

Framleiðsla á hágæða matvöru með lágmarksáhrifum á umhverfið er viðvarandi verkefni sem krefst bæði elju- og útsjónarsemi þeirra sem að því verkefni koma. Þetta á ekki síst við hér á norðurhjara þar sem úrval nytjaplantna og -dýra er takmarkaðra en víðast hvar annars staðar.

Viðfangsefni auðlindadeildar Landbúnaðarháskóla Íslands eru rannsóknir á landkostum og nytjastofnum dýra og plantna þannig að niðurstöðurnar nýtist bændum sem best til framleiðslu gæða afurða í sem bestri sátt við umhverfið. Með þetta að markmiði leitast starfsmenn auðlindadeildar við að bæta nýtingu, lækka kostnað og auka gæði á sama tíma og leitast er við að tryggja að aukin hagkvæmni í ræktun fylgi skynsamleg nýting lands.

Árið 2014 var starfsmönnum Landbúnaðarháskóla Íslands erfitt sökum áframhaldandi aðhaldsaðgerða sem leiddu meðal annars til uppsagna fjölmargra starfsmanna. Í árslok 2014 voru starfsmenn auðlindadeildar rétt innan við tuttugu, sumir í hlutastörfum svo þeir inntu af hendi samtals um fimmtán ársverk. Starfsmenn auðlindadeildar búa yfir fjölbreyttri sérþekkingu á fjölmörgum sviðum, þar sem meðal annars má nefna sérsvið erfða- og kynbótafræði, lífeðlisfræði, fóðurfræði, grasafræði, plöntukynbóta, bútækni og jarðræktar. Rannsóknastarf starfsmann auðlindadeildar er, þrátt fyrir áframhaldandi fækkun starfsmanna, fjölbreytt og einkennst af sígildum viðfangsefnum eins og ræktun og verkun fódurs, fóðrun búfjár og rannsóknum á eiginleikum búfjár. Á sviði jarðræktar er áfram unnið af krafti að kynbótum á byggi og þróun ræktunar-aðferða, en aukinn áhugi hefur verið á kornrækt hérlendis undanfarin ár.

Við auðlindadeild er starfrækt námsbraut í búvísindum til BS prófs þar sem áhersla er lögð á búfjárrækt, jarðrækt og skyldar greinar. Jafnframt er starfrækt námsbraut í hestafræðum sem er sameiginlegt verkefni með Háskólanum á Hólum. Með námi á BS stigi er leitast við að vekja áhuga ungs fólks á mikilvægi landbúnaðarrannsókna og veita því breiðan fræðilegan grunn til þátttöku í landbúnaði, jafnt í rannsóknum, ráðgjöf og framleiðslu. Nýskráðir nemendur í BS-námi haustið 2014 voru 17 í búvísindum, en ekki voru teknir inn nemendur í hestafræði þetta árið sökum lítillar aðsóknar.

Framhaldsnám í búvísindum, bæði masters- og doktorsnám, hefur vaxið við báðar háskóladeildir Landbúnaðarháskólans og eru nemendur í þessu námi mjög mikilvægur hlekkur í rannsóknum deildanna. Nemendur í framhaldsnámi eru þó ekki síður mikilvægir sem nauðsynlegur þáttur í nýliðun á sviði þekkingarsköpunar og miðlunar innan landbúnaðargeirans.

Á árinu 2014 voru haldnir tveir deildarfundir (fundir nr. 20 og 21), og fimm deildarráðsfundir.

Jón Hallsteinn Hallsson, deildarforseti auðlindadeildar

Umhverfisdeild

Umhverfisdeild sinnir fjölbreytilegum viðfangsefnum á sviði menntunar og rannsókna er tengjast náttúru landsins. Sjálfbær nýting, verndun og endurheimt náttúruauðlinda eru leiðandi áherslur í öllu starfi deildarinnar. Nám í umhverfisdeild skiptist í fjórar brautir; umhverfisskipulag sem Helena Guttormsdóttir veitir forstöðu; náttúra og umhverfi sem Anna Guðrún Þórhallsdóttir leiðir; landgræðsla og skógrækt sem Bjarni Diðrik Sigurðsson stýrir og loks skipulagsfræði á MS stigi sem Sigríður Kristjánsdóttir veitir forstöðu. Undir náttúru og umhverfi er boðið upp á fjórar námsleiðir: almenn náttúrufræði; náttúrunýting; náttúra og saga; og þjóðgarðar og verndarsvæði.

Á árinu voru haldnir tveir deildarfundir (nr. 17 og 18) og 2 deildarráðsfundir (nr. 33 og 34), sem og einn vinnufundur deildar. Í deildarráði sátu, auk brautarstjóra og deildarforseta, Ragnar Frank, Berglind Orradóttir og Járngerður Grétarsdóttir. Á seinni deildarfundum ársins var Ása L. Aradóttir kosin í deildarráð í stað Berglindar Orradóttur sem setið hafði í deildarráði um árabíl. Margrét Á. Jónsdóttir var sem fyrr ritari deildar.

Á miðju sumri lét Auður Sveinsdóttir af störfum vegna aldurs, en Auður hefur starfað við skólann um árabíl og var á sínum tíma ráðin til skólans til að koma á fót námi í umhverfisskipulagi á bakkalárstigi. Auður var brautarstjóri umhverfisskipulagsbrautarinnar til margra ára og undir hennar stjórn óx og dafnaði brautin og frá henni hafa nú útskrifast hátt á annað hundrað nemendur. Við kunnum Auði bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Í lok árs lét Ragnhildur Sigurðardóttir af störfum við skólann; við þökkum henni góð störf og óskum henni velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. Brita Berglund flutti tímabundið til í starfi þegar hún tók að sér verkefni við Landgræðsluskóla SP í fjarveru Hafðísar H. Ægisdóttur sem var í barnsburðarleyfi. Starfsmenn deildarinnar voru 21 í árslok en auk þess unnu nokkrir MS nemar tímabundið við deildina.

Á árinu stórbatnaði öll aðstaða fyrir kennslu í meistaranáms í skipulagsfræðum þegar ráðist var í gagngerar breytingar á húsnæði skólans á Keldnaholti. Brautin hefur nú annars vegar sértækt stúdíó og hins vegar aðgengi að tveimur vel útbúnum kennslustofum.

Líkt og undanfarin ár hefur rannsóknarstarf deildarinnar einkum verið á eftirfarandi fræðasviðum: jarðvegsfræði, vistheimtarfræði, skógfræði, beitarfræði, skjólbelta- og garðyrkjufræði, rannsóknir á ástandi lands og áhrif loftslagsbreytinga á vistkerfi. Sem dæmi um viðamikilið verkefni innan þessara fræðasviða má nefna FORHOT-verkefnið að Reykjum í Ölfusi en verkefnið beinist að því að skilja áhrif hlýnunar á gras- og skóglendi. Að verkefni koma einnig allnokkrir erlendir fræðimenn og innan heildarverkefnisins er sem stendur unnið að tveimur rannsóknarverkefnum til doktorsgráðu. Gildi virkra rannsóknaverkefna ávið FORHOT fyrir háskólasamfélagið verður seint ofmetið því þar verður til bæði ný þekking fyrir samfélagið og kjarnfóður fyrir kennsluna.

Hlynur Óskarsson, deildarforseti umhverfisdeildar

Starfs- og endurmenntunardeild

Starfsmenntanámið

Helsta verkefni starfsmenntadeildar LbhÍ er kennsla (bókleg kennsla og verklegar æfingar) á framhaldsskólastigi í blómaskreytingum, búfræði, garð- og skógarplöntuframleiðslu, skógtækni, skrúðgarðyrkju og ylrækt. Auk þess heldur skólinn utan um verknám nemenda í öllum þeim greinum sem skólinn kennir.

Á vorönn 2014 stundaði alls 39 nemandi nám á garðyrkjubrautum (í staðar- eða fjarnámi), þ.e. blómaskreytingum, garð- og skógarplöntuframleiðslu, ylrækt og skrúðgarðyrkju og í búfræði voru alls 89 nemendur, staðarnemendur og fjarnemar. Í bytjun júní voru 37 nemendur brautskráðir úr búfræði og 32 úr garðyrkju, þar af 8 sem einnig luku fullu verknámi.

Áframhaldandi góð aðsókn var í nám á starfsmenntabrautum LbhÍ haustið 2014. Yfir 50 umsóknir bárust í búfræði og voru teknir inn alls 34 nemendur. Fjöldi umsókna í garðyrkju voru ríflega 80 að meðtöldum umsóknum sem bárust að undangengnu raunfærnimati og var 61 nemanda gefinn kostur á skólavist. Af þeim mættu 52 í skólann að hausti og eftir jólaþróf voru 46 nemendur eftir í garðyrkjunni.

Haustið 2014 hófst kennsla eftir nýjum námskrám garðyrkjubrauta en vinnu við endurskoðun þeirra lauk fyrr á árinu. Ný námsbraut um lífræna ræktun matjurta, sem byggir á þróunarverkefni sem skólinn stóð fyrir á árunum 2012-2013, tók til starfa um haustið og var aðsókn að henni mjög góð.

Síðla árs 2014 var þráðurinn tekinn upp aftur við endurskoðun námskrár búfræðibrautar en stefnt er að því að hefja kennslu samkvæmt nýrri námskrá haustið 2015.

Starfs- og endurmenntunardeild LbhÍ tekur þátt í þróunarverkefni með Menntaskólanum í Borgarnesi um að bjóða upp á náms til stúdentsprófs af búfræðisviði. Nemendur innritast í MB og stunda þar nám í tvö ár þar sem þeir taka allar þær einingar sem annars vegar þarf til að komast inn í búfræði og hins vegar allar þær einingar sem þarf til stúdentsprófs. Að þessum tveimur árum liðnum eiga þeir nemendur, sem enn fremur hafa umtalsverða reynslu af bústörfum í sveit, kost á því að sækja um í búfræði við LbhÍ. Þegar þeir ljúka námi hjá LbhÍ útskrifast þeir annars vegar sem búfræðingar frá LbhÍ og hins vegar með stúdentspróf frá MB. Alls stunduðu 5 nemendur nám í búfræði við LbhÍ árið 2014 eftir þessari leið.

Boðið var upp á námskeið fyrir meindýraeyða vorið 2014, byggt á niðurstöðum verkefnisins um þróun náms fyrir meindýraeyða.

Alls voru 12 stöðugildi í starfs- og endurmenntunardeild þann 31. desember 2014, þar af 4 sem tilheyra endurmenntun.

Endurmenntun LbhÍ

Endurmenntun LbhÍ hélt alls 51 námskeið árið 2014 með um 408 þátttakendum. Námskeiðin voru haldin um allt land eða á 20 stöðum og í samstarfi við alla helstu fagaðila sem tengjast fagsviðum LbhÍ með einum eða öðrum hætti.

Endurmenntun LbhÍ hefur undanfarin ár boðið upp á nokkrar lengri námsbrautir. Grænni skógar I og II hafa verið í boði um allt land, en árið 2014 luku tveir hópar námi (45 nemendur), annar á Austurlandi og hinn sem var sambland af Vestur- og Suðurlandi. Þá luku fjórir hópar (63 einstaklingar) tveggja ára námi í Reiðmanninum vorið 2014, en haustið 2014 hófu í allt 48 nemendur nám á fyrsta og öðru ári. Einnig voru tveir hópar (24 nemendur) sem tóku framhaldsþjálfunarnámskeið í Reiðmanninum. Í heildina má því segja að 540 nemendur hafi stundað nám við Endurmenntun LbhÍ á árinu 2014.

Fjöldinn allur af sérhæfðum fagnámskeiðum fyrir bændur, garðyrkjumenn og aðra fagaðila sem tengjast skólanum var í boði árið 2014. Gott samstarf hefur verið við ýmsa aðila í atvinnulífinu og má þar til dæmis nefna samstarf við Félag iðn- og tæknigreina, FIT, sem hefur unnið saman að því með endurmenntun LbhÍ að fá hingað til lands erlenda sérfræðinga til kennslu á námskeiðum fyrir garðyrkjufræðinga. Ýmiss konar tómsundanámskeið nutu einnig mikillar hylli á árinu, svo sem námskeið í gerð húsgagna úr skógarviði, torf- og grjóthleðsla og ostagerð, svo eitthvað sé nefnt.

Endurmenntun LbhÍ tekur virkan þátt í erlendum samstarfsverkefnum. Má þar nefna Leonardo verkefnið Kraftmeiri skógar og Erasmus verkefnið Teach me wood.

Heilt yfir gekk starfsemi endurmenntunarinnar vel á árinu þrátt fyrir þrengingar á markaði menntunar. Hópar sem hurfu frá endurmenntun á tímum efnahagshrunsins eru farnir að tínast inn aftur á námskeið.

Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Landgræðsluskólinn hefur verið starfræktur innan vébanda Landbúnaðarháskóla Íslands frá árinu 2007 og varð hluti að neti Háskóla Sameinuðu þjóðanna árið 2010. Rekstur Landgræðsluskóla HSþ er fjármagnaður af utanríkisráðuneytinu sem hluti af framlagi íslenska ríkisins til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu en auk ráðuneytisins koma Landbúnaðarháskólinn og Landgræðsla ríkisins að rekstri skólans.

Meginmarkmið Landgræðsluskóla HSþ er að aðstoða þróunarlönd sem glíma við mikla landhnignun að stuðla að sjálfbærri landnýtingu og græða upp illa farið land. Það er gert með því að bjóða hingað til lands sérfræðingum frá samstarfsstofnunum Landgræðsluskólans á sex mánaða námskeið í landgræðslu, sjálfbærri landnýtingu og endurheimt vistkerfa. Námið byggir upp þekkingu innan viðkomandi stofnana og landa með þjálfun starfsfólks, sem deilir reynslu sinni og þekkingu þegar heim er komið. Áhersla er einnig lögð á að auka tengslanet þátttakenda og að auka færni þeirra í að miðla þekkingu í rituðu og töluðu máli og að þau tileinki sér sjálfstæði í vinnubrögðum og gagnrýna hugsun. Með því má byggja upp færni fagfólks og stofnana í þróunarlöndum til að takast á við og leysa vandamál heima fyrir.

Meginstarfsemi skólans er hið árlega sex mánaða námskeið en auk þess tekur skólinn þátt í ýmiss konar samstarfi við stofnanir jafnt innanlands sem utan. Það sem hæst bar af slíku samstarfi á árinu 2014 var heimsókn framkvæmdastýru Eyðimerkursamnings Sp (UNCCD), Monique Barbut, sem sótti fund með nemum, stjórn og fagráði skólans. Eyðimerkursamningurinn er einn þriggja umhverfissamninga Sp sem varð til á ríkjaráðstefnu í Ríó de Janeiro árið 1992 og er þetta í fyrsta sinn sem yfirmaður eins samningsins sækir Ísland heim. Annar mikilvægur fundur átti sér stað í New York þar sem forstöðumaður Landgræðsluskólans, Hafdís Hanna Ægisdóttir, var aðalræðumaður á fundi hjá Fastanefnd Íslands sem bauð aðilum úr hópi er nefnist Vinir Eyðimerkursamningsins (hópur 23 ríkja sem Ísland og Namibía stofnuðu árið 2013 um landgræðslumál hjá Sp), ásamt fulltrúum Eyðimerkursamningsins (UNCCD), Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sp (FAO) og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA). Fundurinn var liður í undirbúningi Sp fyrir ný þróunarmarkmið (e. Sustainable Development Goals) sem taka gildi í lok árs 2015.

Samstarfslönd Landgræðsluskóla HSþ eru orðin 10 og nú stendur til að ellefta samstarfslandið, Lesotho, bætist við. Fram til þessa hafa 63 nemar útskrifast úr skólanum, 30 konur og 33 karlar frá löndum í Afríku og Mið-Asíu. Árið 2014 útskrifuðust 12 nemar úr skólanum, fimm konur og sjö karlar, frá Eþíópíu, Gana, Mongólíu, Níger, Úganda og Úsbekistan. Fastir starfsmenn skólans eru þrír en auk þess kemur fjöldi sérfræðinga að kennslu og leiðbeinslu við skólann.

Flestir sérfræðingarnir eru starfsmenn Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins en starfsmenn annarra stofnana og samtaka (ráðuneyta, háskóla, frjálsra félagasamtaka) koma einnig að kennslu og leiðbeinslu. Að auki fær Landgræðsluskólinn til sín erlenda gestakennara á hverju ári.

Landgræðsluskólinn er með heimasíðu (www.unulrt.is) þar sem margvíslegar upplýsingar er að finna um starfsemi skólans og nýjustu fréttir eru birtar. Þar er jafnframt tengiliður á Facebook síðu skólans (<https://www.facebook.com/unulrt>).

Kennslusvið

Meginmarkmið kennslusviðs er að tryggja gott skipulag á daglegu kennslustarfi háskólans og veita nemendum og starfsfólki almennar upplýsingar og þjónustu.

Starfsmenn á kennslusviði 2014 voru þessir:

Álfheiður Marinósdóttir kennslustjóri

Björn Þorsteinsson aðstoðarrektr kennslumála –yfirmaður kennslusviðs til 1. ágúst 2014 sem frá og með þeim tíma var settur rektor. Áslaug Helgadóttir aðstoðarrektr rannsóknamála tók við formennsku í kennslunefnd frá þeim tíma.

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir (75%) náms- og starfsráðgjafi

Þorbjörg Valdís Kristjánsdóttir alþjóðafulltrúi til 1. september 2014

Þórunn Edda Bjarnadóttir (60%) ritari/skólafulltrúi

Þórunn Reykdal verkefnisstjóri (50% tók síðar við verkefnum alþjóðafulltrúa)

Edda Þorvaldsdóttir verkefnisstjóri (10% fjarnám búfræði)

Náms- og starfsráðgjöf

Á vegum náms- og starfsráðgjafar voru nemendum veitt viðtöl um námstækni, persónuleg málefni, vegna námsvals, námsörðugleika og annað. Einnig voru haldnar kynningar fyrir alla nemendur fyrsta árs um námstækni lestrar- og glósutækni og ýmis skemmri námskeið fyrir afmarkaða hópa um skyld efni.

Skipulagðir voru fundir með búfræðikennurum um bætt verklag í kennslu. Námsráðgjafi annast yfirferð kennslumats allar námskeiða fyrir kennslusvið og annast framkvæmd viðhorfakannana innan skólans þegar þess gerist þörf auk annarra verkefna sem til falla.

Erlend samskipti

LbhÍ tekur virkan þátt í alþjóðlegum nemenda- og kennaraskiptum í gegnum Menntaáætlun Evrópusambandsins, Menntaáætlun Nordplus og tvíhliða samninga sem skólinn hefur gert við skóla er ekki falla undir þessar áætlanir. Árið 2014 fóru alls 7 nemendur frá LbhÍ í skiptinámi í 1-2 annir, þrír nemendur til Guelph í Kanada, einn til Finnlands, einn til Svíþjóðar og tveir til Eistlands. Fyrir utan hefðbundið skiptinámi þá tóku 18 nemendur þátt í NORDNATUR námskeiði sem haldið var á Hvanneyri, með 13 nemendum erlendis frá og 5 frá LbhÍ.

Til LbhÍ komu sex skiptinemar á árinu; þrír B.Sc frá Þýskalandi, einn B.Sc. nemandi frá Svíþjóð og einn PhD nemandi frá Tékklandi. Auk þess dvaldi einn M.Sc. nemandi frá Lettlandi í starfsnámi á Hesti. Nemendurnir stunduðu allir nám á haustönn, enginn skiptinemi kom á vorönninni.

Þá komu tveir gestakennarar, einn frá Noregi og einn frá Danmörku til kennslu innan ramma vikuheimsóknna til skólans.

Nemendur útskrifaðir frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2014

Starfsmenntanám á framhaldsskólastigi

Jóhanna Margrét Hilmarsdóttir	Blómaskreytingabraut
Aðalsteinn Orri Arason	Búfræði
Alexandra A Burgess Finnsdóttir	Búfræði
Axel Páll Einarsson	Búfræði
Ásmundur Óskar Einarsson	Búfræði
Ástvaldur Lárusson	Búfræði
Baldur Stefánsson	Búfræði
Birgir Þór Haraldsson	Búfræði
Bjarki Sigurðsson	Búfræði
Bjarni Salberg Pétursson	Búfræði
Björgvin Búi Jónasson	Búfræði
Borghildur Aðils	Búfræði
Dagbjört Diljá Einþórsdóttir	Búfræði
Elísabet Thorsteinson	Búfræði
Guðjón Þorsteinsson	Búfræði
Guðmundur Þór Guðmundsson	Búfræði
Helga Lucie Andrée Káradóttir	Búfræði
Hermann Geir Karlsson	Búfræði
Hilmar Smári Birgisson	Búfræði
Hörður Flóki Ólafsson	Búfræði
Ingimar Örn Böðvarsson	Búfræði
Jón Ingi Ólafsson	Búfræði
Jósef Gunnar Magnússon	Búfræði
Karen Björg Gestsdóttir	Búfræði
Kristín Jónsdóttir	Búfræði
Orri Jónsson	Búfræði
Sigríður Stefanía Einarsdóttir	Búfræði
Sigríður Þorvaldsdóttir	Búfræði
Sigrún Björg Kristinsdóttir	Búfræði
Skafti Vignisson	Búfræði
Steinar Haukur Kristbjörnsson	Búfræði
Sunna Dís Bjarnadóttir	Búfræði
Tómas Ingi Úlfarsson	Búfræði
Þorbjörg Helga Sigurðardóttir	Búfræði
Þórhildur Sara Árnadóttir	Búfræði

Inga Hrönn Georgsdóttir	Búfræði - fjarnám
Kristján Hans Sigurðsson	Búfræði - fjarnám
Unnur Ingibjörg Guðmundsdóttir	Búfræði - fjarnám
Bjarney Vignisdóttir	Garðyrkjuframleiðsla
Silva Þórisdóttir	Garðyrkjuframleiðsla
Ásta Steingerður Geirsdóttir	Skógur og umhverfi
Brynjar Kjærnested	Skrúðgarðyrkjubraut
Helgi Svanur Einarsson	Skrúðgarðyrkjubraut
Hjördís Jónsdóttir	Skrúðgarðyrkjubraut
Hjörtur Þórðarson	Skrúðgarðyrkjubraut
Ingunn Guðrún Magnúsdóttir	Skrúðgarðyrkjubraut
Þorgrímur Haraldsson	Skrúðgarðyrkjubraut

Auk þess 45 nemendur í Reiðmanninum, 33 fein námi á framhaldsskólastigi á vegum endurmenntunardeildar.

Háskólanám

Elvar Örn Birgisson	Búvísindi
Hafþór Finnbogason	Búvísindi
Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir	Búvísindi
Jóhannes Kristjánsson	Búvísindi
Jón Hjalti Eiríksson	Búvísindi
Kári Gautason	Búvísindi
Linda Sif Nielsdóttir	Búvísindi
Susanne Lintermann	Búvísindi
Berglind Margo Þorvaldsdóttir	Hestafræði
Einar Ásgeirsson	Hestafræði
Elin Margareta B Moqvist	Hestafræði
Hanna Valdís Guðjónsdóttir	Hestafræði
Heimir Gunnarsson	Hestafræði
Sigrún Edda Halldórsdóttir	Hestafræði
Tanja Rún Jóhannsdóttir	Hestafræði
Hrafkátla Eiríksdóttir	Náttúru- og umhverfisfræði
Sólveig Ólafsdóttir	Náttúru- og umhverfisfræði
Ívar Örn Þrastarson	Skógfræði og landgræðsla
Trausti Jóhannsson	Skógfræði og landgræðsla
Harpa Bóel Sigurgeirsdóttir	Umhverfisskipulag
Hildur Hartmannsdóttir	Umhverfisskipulag
Hrönn Hafliðadóttir	Umhverfisskipulag
Jóhann Ingi Sævarsson	Umhverfisskipulag
Kristján Sigurgeirsson	Umhverfisskipulag
Ragnar Björgvinsson	Umhverfisskipulag
Steinunn Garðarsdóttir	Umhverfisskipulag
Brita Kristina Berglund	Náttúra- og umhverfisfræði - MS
Guðrún Óskarsdóttir	Náttúra- og umhverfisfræði - MS
Guðrún Bjarnadóttir	Náttúru- og umhverfisfræði - MS
Berglind Sigurðardóttir	Skipulagsfræði - MS
Guðrún Guðmundsdóttir	Skipulagsfræði - MS
Gunnar Ágústsson	Skipulagsfræði - MS
Hallfríður Guðmundsdóttir	Skipulagsfræði - MS
Helga Rún Guðmundsdóttir	Skipulagsfræði - MS
Íris Stefánsdóttir	Skipulagsfræði - MS
Sæunn Kolbrún Þorólfsdóttir	Skipulagsfræði - MS
Pavla Dagsson Waldhauserová	Doktorsnám - Umhverfisdeild
Theódór Kristjánsson	Doktorsnám -Auðlindadeild
Þorvaldur Kristjánsson	Doktorsnám -Auðlindadeild

Rannsóknarsvið

Í lok árs 2014 voru akademískir starfsmenn við Landbúnaðarháskóla Íslands samtals 36, af 79 starfsmönnum á launaskrá, í um 34 stöðugildum eða um 47% af heildarstöðugildum við stofnunina (1. tafla). Prófessorar voru 8, dósentar 5, lektorar 11 og fastráðnir stundakennarar 2. Starfa þeir allir jöfnum höndum við kennslu og rannsóknir. Aðrir akademískir starfsmenn voru 7 og eru þeir fyrst og fremst í verkefnum sem tengjast rannsóknum. Tæpur helmingur akademískra starfsmanna er með doktorspróf.


1. tafla Akademískir starfsmenn við LbhÍ í árslok 2014 og menntun þeirra					
	BSc	MSc	PhD	Alls	Hlutfall með PhD
Prófessorar (ásamt rektor)			8	8	100%
Dósentar	1		4	5	80%
Lektorar	2	6	3	11	27%
Fastráðnir stundakennarar	1	1	-	2	0
Aðrir akademískir starfsmenn	2	7	1	10	10%
Samtals	6	14	16	36	
Hlutfall	17%	39%	44%		

Skólinn er með sérstakan samning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar fyrir árin 2013-2016. Með samningnum skuldbindur skólinn sig til þess að sinna verkefnum sem renna stoðum undir meginstef landbúnaðarstefnu stjórnvalda sem eru að:

- tryggja framboð matvæla í hæsta gæðaflokki samfara sjálfbærri nýtingu auðlinda landsins,
- stuðla að bestu mögulegri framleiðni og þar með hagkvæmni og samkeppnisfæru verði framleiðslunnar,
- tryggja búsetu og varðveita menningu og rækta hlut landbúnaðarins í byggðapróun og atvinnutækifærum til sveita,
- stuðla að landbótum með landgræðslu og skógrækt.

Í samræmi við þetta er rannsóknaverkefnum skólans skipt upp í sex meginflokkar sem eru Frumframleiðsla og fæðuöryggi, Garðyrkja, Byggðapróun og nýsköpun, Skógrækt og landgræðsla, Umhverfisrannsóknir og Hagfræðirannsóknir.

Síðustu ár hefur rannsóknastarf skólans mótast af því að tekjur til rannsókna hafa dregist umtalsvert saman. Heildarvelta skólans hefur dregist saman hægt og bitandi frá 2008 og samdráttur frá fyrra ári var um 3,5%. Heldur rofaði til í styrkveitingum Framleiðnisjóðs árið 2013 eftir að sjóðurinn fékk aukið framlag á fjárlögum en sértekjur til rannsókna drógust heldur saman aftur á árinu úr rúmlega 105 m.kr. í um 80 m.kr. (1. mynd).




1. mynd. Sértekjur LbhÍ 2009 - 2014 og breyting á milli ára á verðlagi ársins 2014.

Heildarkostnaður vegna rannsókna var um 638 m.kr. á árinu 2014. Skólinn fékk 163,3 m.kr. í gegnum samninginn við ANR. Því til viðbótar voru sértekjur um 80 m.kr. (2. tafla). Annar kostnaður vegna rannsókna var greiddur af framlagi MMR til skólans. Stærstu málaflokkarnir eru Frumframleiðsla og fæðuöryggi en Garðyrkja hefur einnig notið góðs af heilladrjúgu samstarfi við Samband garðyrkjubænda á liðnum árum sem styrkt hefur rannsóknirnar myndarlega með framlagi úr Þróunarsjóði garðyrkjunnar.

2. tafla. Sértekjur LbhÍ árið 2014.	Millj. kr.
Frumframleiðsla og fæðuöryggi	37,6
Sjálfbær nýting erfðaauðlinda	
Hringrás næringarefna	
Fóðuröflun og fjölbreytt framleiðslukerfi	
Heilbrigði í framleiðslu og heilnæmar afurðir	
Garðyrkja	12,0
Byggðapróun og nýsköpun	10,0
Skógrækt og landgræðsla	9,4
Umhverfisrannsóknir	10,8
Hagfræði	0,0
Samtals	79,8

Á árinu var unnið að fjölda rannsóknaverkefna sem eru listuð hér á eftir.

Starfsmenn koma niðurstöðum rannsókna sinna til skila með ýmsum hætti. Mest áhersla er lögð á að þeir birti greinar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum og þar hafa birst um 15 greinar á ári undanfarin ár (2. mynd). Síðustu tvö árin hafa hins vegar gjöfylli því 2013 urðu greinarnar 24 og árið 2014 26. Einnig eru starfsmenn hvattir til þess að skrifa greinar í innlend rit, og jafnvel dagblöð, og taka virkan þátt í fræðslufundum og námskeiðahaldi á vegum Endurmenntunar LbhÍ.



2. mynd. Fjöldi ritrýndra greina eftir fræðasviðum 2008 - 2014.

Rannsóknarnámi hefur vaxið fiskur um hrygg á liðnum árum og er það nú orðið drjúgur þáttur í rannsóknastarfi skólans. Alls útskrifuðust þrír doktorsnemar frá skólanum og var einn þeirra sameiginlegur nemandi okkar og Háskóla Íslands. Í lok árs 2014 voru 6 doktorsnemar skráðir við skólann og meistaranemar voru samtals 51 (3. tafla).

3. tafla. Fjöldi nemenda á framhaldsstigi – skráðir og útskrifaðir					
	Framhaldsnemar í lok árs 2014	Útskrifaðir			
		2011	2012	2013	2014
M.Sc.	39	5	5	11	8
Ph.D.	6	1	-	-	3

Helstu rannsóknarverkefni í gangi árið 2014

Frumframleiðsla og fæðuöryggi

Sjálfbær nýting erfðaaauðlinda

- Kynbætur byggyrkja með hefðbundnum aðferðum
- In situ varðveisla erfðaeftnis í gömlum tünnum
- Afkvæmarannsóknir á Hesti
- Uppruni íslenska hestsins
